Skammtímakröfur, FÍH		2.500	0
		<u>1.140.992</u>	<u>1.482.212</u>
Eignir samtals		<u>1.140.992</u>	<u>1.482.212</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	3	<u>1.140.992</u>	<u>1.222.112</u>
		<u>1.140.992</u>	<u>1.222.112</u>
Skuldir			
Skammtímaskuld, FÍH		<u>0</u>	<u>260.100</u>
		0	260.100
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.140.992</u>	<u>1.482.212</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Minningarsjóðs Kristínar Thoroddsen fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2. Styrkveitingar

Einn styrkur var veittur úr sjóðnum haustið 2016. Styrkþegi var Steinunn Jónatansdóttir og hlaut hún styrk að fjárhæð kr. 150.000.

3. Eigið fé

Breytingar eigin fjár greinast þannig:

Staða eigin fjár í upphafi árs	1.222.112
Gjöld umfram tekjur	(81.120)
Staða eigin fjár í árslok	<u>1.140.992</u>

Fundarskjal númer: 3.3
Dagskrárliður: Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
Áætluð fyrirtaka: 19:40

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar
Kennitala 570194-2409
Suðurlandsbraut 22, Reykjavík

Númer í sjóðaskrá 1044

Skýrsla stjórnar

Ráðstöfun sjóðs

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar var stofnaður í mars 1951 og er ætlað að styrkja hjúkrunarfræðinga í framhaldsnámi. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins ber að ávaxta sjóðinn og verja ávöxtuninni til styrkveitinga. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Fimm styrkir voru veittir úr sjóðinum haustið 2016. Nánar vísast til skýringar 2 í ársreikningi.

Stjórn Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir 2016 með áritun sinni.

Reykjavík, maí 2017

Stjórn:

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar höfum yfirfarið ársreikninginn fyrir árið 2016 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, maí 2017

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2016, efnahag hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Minningarsjóði Hans Adolfs Hjartarsonar í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákvörðun hafi verið tekin um að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, maí 2017

BDO ehf.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Örvar Omrí Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2016

	Skýringar	2016	2015
Tekjur			
Gjafir og áheit		61.500	65.000
Vextir og verðbætur		<u>229.802</u>	<u>207.318</u>
		291.302	272.318
Gjöld			
Úthlutanir	2	<u>300.000</u>	<u>0</u>
Gjöld umfram tekjur		<u>(8.698)</u>	<u>272.318</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýringar	2016	2015
Eignir			
Veltufjármunir			
Sparibréf, meðallöng	3	4.665.739	4.707.044
Arion banki, bankabók		137.659	133.559
		<u>4.803.398</u>	<u>4.840.603</u>
Eignir samtals		<u><u>4.803.398</u></u>	<u><u>4.840.603</u></u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé	4	<u>4.630.405</u>	<u>4.639.103</u>
Skuldir			
Skammtímaskuld, FÍH		<u>172.993</u>	<u>201.500</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>4.803.398</u></u>	<u><u>4.840.603</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Minningarsjóðs Hans Adolfs Hjartarsonar fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2. Styrkveitingar

Fimm styrkir voru veittir úr sjóðinum haustið 2016. Styrkþegar voru Elísabet Ellertsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jóhanna Ósk Tryggvadóttir, Sigrún Bjarnadóttir og Silja Björg Róbertsdóttir og hlutu þær allar styrk að fjárhæð kr. 60.000.

3. Sparibréf meðallöng

Bókfært verð í upphafi árs	4.707.044
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	709.346
Markaðsverð upphafi árs	5.416.390
Markaðsverð í upphafi árs	5.416.390
Innlausn	(306.934)
Gangvirðishækkun ársins	282.210
Markaðsverð í lok árs	5.391.666
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	(725.927)
Bókfært verð í lok árs	4.665.739

Nafnverð bréfanna í lok árs er kr. 1.439.313.

Verðgildi bréfanna í lok árs er samkvæmt skráningu Landsbankans hf. Sparibréfin eru eignfærð í ársreikningi á markaðsverði að frádegnum fjármagnstekjuskatti. Sparibréf eru verðbréfasjóður sem eingöngu fjárfestir í ríkistryggðum verðbréfum. Sparibréf eru án bindingar, þ.e. innleysanleg hvenær sem er. Nettó hækkun á verðmæti bréfanna innan ársins er færð til tekna og eignar í ársreikningi sjóðsins. Fjármagnstekjuskattur er vegna verðhækkunar verðbréfa sem verður innheimtur við innlausn þeirra. Bréfin eru vistuð rafrænt hjá Landsbankanum hf.

4. Eigið fé

Breytingar eigin fjár greinast þannig:

Staða eigin fjár í upphafi árs	4.639.103
Gjöld umfram tekjur	(8.698)
Staða eigin fjár í lok árs	4.630.405

Fundarskjal númer: 4.0
Dagskrárliður: Ákvörðun um félagsgjöld
Áætluð fyrirtaka: 20:05

Tillaga um félagsgjöld

Lögð fram á aðalfundi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 18. maí 2017

Tillaga:

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) leggur til að félagsgjöld verði óbreytt.

Fundarskjal númer: 5.0
Dagskrárliður: Afgreiðsla markmiða og starfsáætlun næsta árs
Áætluð fyrirtaka: 20:10

Helstu áherslur í starfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2017-2018

- lögð fram á aðalfundi Fíh 18. maí 2017 -

Stjórn

- Úrvinnsla og eftirfylgd Gerðardóms frá 2015 og stofnanasamninga Fíh við samningsaðila
- Átak í fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga, samstarfsverkefni við aðra hagsmunaaðila
- Eftirfylgd skýrslu Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa – vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga
- Efla samráð í ráðum og nefndum um skipulagningu heilbrigðisþjónustu
- Frekari þróun á starfssviði hjúkrunarfræðinga
- Unnið að stefnumótun Fíh varðandi:
 - Sí- og endurmenntun hjúkrunarfræðinga
 - Jafnréttismál
 - Alþjóðlegt samstarf

Fagsvið

Reglubundin verkefni:

- Fræðsla: Símenntun, námskeið, hjúkrunarþing, málþing, ráðstefna. Formaður starfsmenntunarsjóðs
- Vísindastarf: Styrkir úr vísindasjóði B-hluta, þátttaka í rannsóknarstarfi og ráðstefnum innan lands og erlendis
- Stefnumótun: Vinna við stefnumótun í hjúkrunar- og heilbrigðismálum, umsagnir um frumvörp til laga, þingsályktunartillögur og aðrar stefnumótandi tillögur er lúta að heilbrigðismálum og hjúkrun
- Alþjóðastarf. Samstarf við erlend félög hjúkrunarfræðinga, SSN, EFN og ICN
- Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí 2018
- Kynningar á Fíh, móttaka nýrra hjúkrunarfræðinga

Sérstök verkefni:

- Efla samvinnu meðal hjúkrunarfræðinga:
- Ráðstefnan HJÚKRUN 2017 – Fram í sviðsljósið
- Samstarf fagsviðs og fagdeilda varðandi fagleg málefni
- Námskeið í samvinnu við hjúkrunarfræðinga og menntastofnanir
- Samstarf við fagdeild geðhjúkrunarfræðinga um eflingu geðhjúkrunar

- Jafnréttisstefna Fíh. Þátttaka í verkefni Jafnréttisstofu „Rjúfum hefðirnar“
- Samstarf við hjúkrunarfræðideild HA um fjölgun karla í hjúkrun
- Í undirbúningsnefnd fyrir 100 ára afmæli félagsins 2019
- Þátttaka í starfshópum SSN í starfi EFN og ICN eftir því sem við á
- Úthlutun rannsóknarstyrkja úr B-hluta Vísindasjóðs 12. maí 2018
- Úthlutun styrkja til símenntunar úr Starfsmenntunarsjóði og A-hluta Vísindasjóðs
- Greinaskrif í Tímarit hjúkrunarfræðinga
- Menntanefnd Fíh og hjúkrunarfræðideilda HA og HÍ
- Endurskoðun reglna sjóða félagsins

Kjara- og réttindasvið

Reglubundin verkefni

- Vinna við miðlæga kjarasamninga
- Vinna við endurskoðun stofnanasamninga
- Standa vörð um réttindi og kjör hjúkrunarfræðinga
- Fylgjast með launaþróun félagsmanna hjá helstu viðsemjendum
- Fylgjast með launaþróun viðmiðunarstétta
- Standa vörð um lífeyrisréttindi félagsmanna
- Upplýsa félagsmenn um kjaramál, réttindi og skyldur
- Alþjóðlegt samstarf vegna kjaramála

Sérstök verkefni

- Eftirfylgd á skýrslunni „Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga“
- Ítarlegri upplýsingagjöf til félagsmanna um laun á helstu stofnunum sem hjúkrunarfræðingar vinna á
- Fræðsla til félagsmanna tengt breytingum á LSR A-deild og sameiningu Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og LSR B-deild
- Vinna við gerð framgangsmats á heilbrigðisstofnunum í samræmi við bókun 3 í dómssátt fyrir Gerðardómi 2015
- Sameiginlegur stofnanasamningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónusta eða einstakar stofnanir samtakanna
- Endurnýjun stofnanasamninga á heilbrigðisstofnunum hins opinbera
- Vinna í tengslum við bókanir Gerðardóms
- Endurskoðun og efling trúnaðarmannakerfisins í samvinnu við heilbrigðisstofnanir
- Greinaskrif í Tímarit hjúkrunarfræðinga og fjölmiðla

Fulltrúi nema og nýbrautskráðra

- Námskeið fyrir nýbrautskráðra í september/október 2017.
- Móttaka nýrra félagsmanna Fíh
- Kynna félagið fyrir hjúkrunarnemum í HÍ og HA með áherslu á 2. og 3. námsár
- Efla samstarf við og milli nemendafélaga beggja háskólanna og styðja þau í erlendu samstarfi við önnur nemendafélög
- Fjölga hjúkrunarnemum innan Fíh
- Samvinna við ritstjóra tímarits vegna skrifa hjúkrunarfræðinema og nýbrautskráðra í Tímarit hjúkrunarfræðinga

Fjármál

- Ber ábyrgð á fjármálum Fíh og sér um daglegan rekstur félagsins
- Unnið að útgáfu ársskýrslu Fíh í fyrsta sinn í tengslum við aðalfund félagsins í maí 2018
- Endurskoðun á uppbyggingu tölvukerfa Fíh, með tilliti til þess að bæta vinnuhraða og nýta nýja tæknimöguleika til að koma til móts við þarfir starfsfólks
- Áframhaldandi vinna við að setja upp og endurskoða verkferla fjármálasviðs sem og sjóða félagsins
- Kortlagning eftirlitsaðgerða og áhættumat yfirfarið
- Samningar við þjónustuaðila yfirfarnir reglulega með hagsmuni félagsins og félagsmanna að leiðarljósi, líkt og undanfarin ár
- Efla enn frekar innra eftirlit og auka skilvirkni, í samráði við endurskoðendur félagsins
- Áfram verður unnið að aukinni skilvirkni í fjárhagsáætlanagerð og endurskoðað með hvaða hætti upplýsingum um stöðu fjármála sé best komið á framfæri
- Áframhaldandi eftirlit með fjárfestingum félagsins. Reglubundin yfirferð á fjárfestingar-kostum með það í huga að leita bestu og hagkvæmustu fjárfestingarkosta fyrir sjóði félagsins, að teknu tilliti til áhættu

Þjónusta skrifstofu

- Vinna að þjónustukönnun Fíh
- Vinna að auglýsingaöflun fyrir tímarit hjúkrunarfræðinga
- Vinna að verkefnum stjórnar, sjóða og formanns eftir því sem við á

Tímarit hjúkrunarfræðinga

Reglubundin verkefni:

- Gefa út tvö prentuð tölublöð og eitt rafrænt aukablað sem verður tengt ákveðnu þema, til að mynda HJÚKRUN 2017
- Uppfærsla og miðlun efnis á vefriti Tímarits hjúkrunarfræðinga. Þar verður regluleg uppfærsla á efni og einnig verða greinar úr tímaritinu birtar þar. Stefnt er að vikulegri uppfærslu
- Miðla efni á samskiptamiðlum s.s. Facebook og Instagram. Samskiptamiðlar verða notaðir til að kynna nýtt efni sem sett verður á vefrit Tímarits hjúkrunarfræðinga
- Samstarf og samráð við evrópskra ritstjóra hjúkrunartímarita (EEN: European Editors Network)

Sérstök verkefni:

- Hönnun og útfærsla á vefriti Tímarits hjúkrunarfræðinga
- Útbúa leitarflokka og tög fyrir vefrit
- Koma á fót samstarfsvettvangi ritstjóra fagtímarita á Íslandi.
- Skráning tímaritsins í miðlæg gagnasöfn um útgefin fræðirit.
- Áframhaldandi vinna við að færa Tímarit hjúkrunarfræðinga á www.timarit.is
- Ritstjórn 100 ára afmælisrits Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
- Lestrar- og notendakönnun
- Unnið að útgáfu ársskýrslu Fíh í tengslum við aðalfund félagsins í maí 2018
- Námskeiðahald um skrif og framsetningu efnis í samstarfi við Menntadeild Landspítala.
- Í samvinnu við vefstjóra: áframhaldandi ímyndarvinna sbr. Karlmennt hjúkra, en nú í breiðara samhengi til að sýna fjölbreytileika starfsins. Vinnuheiti:og konur líka!
- Eftirfylgd á skýrslunni „Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga“.

Vef- og verkefnastjórn

Reglubundin verkefni:

- Grafísk hönnun vegna auglýsinga, kynningaefnis og útgáfu á vegum félagsins
- Daglegur rekstur, innsetning efnis og eftirlit með vefsíðu Fíh
- Daglegur rekstur og eftirlit með Mínunum síðum
- Uppsetning og yfirumsjón rafrænna kosninga og kannana Fíh
- Umsjón með facebook síðu félagsins
- Umsjón með tölvu- og tæknimálum félagsins
- Yfirumsjón verkefnavefs Fíh

Sérstök verkefni:

- Grisjun vefsvæðis í samræmi við niðurstöðutölur ársræðinga
- Áframhaldandi vinna við endurhönnun og gerð vefsvæðis Fíh, m.a. yfirferð alls efnis, myndataka fyrir nýjan vef, endurgerð fréttabréfs
- Áframhaldandi viðbætur á Mínunum síðum
- HJÚKRUN 2017. Grafísk vinna og allt sem að vefsvæði kemur
- Aðalfundur 2018: Grafísk vinna og allt sem að vefsvæði kemur
- Endurskoðun kerfismála skrifstofu
- Unnið að útgáfu ársskýrslu Fíh í tengslum við aðalfund félagsins í maí 2018
- Í samvinnu við ritstjóra: áframhaldandi ímyndarvinna sbr. Karlmennt hjúkra, en nú í breiðara samhengi til að sýna fjölbreytileika starfsins. Vinnuheiti:og konur líka!

Fundarskjal númer: 6.0
Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Félagssjóður

	2016 Áætlun	2016 Rauntölur	Frávik kr.	Frávik %	2017 Áætlun	Breyting milli ára
Rekstrartekjur:						
1. IÐGJÖLD:	150.000.000	165.885.554	15.885.554	11%	170.000.000	2%
2. AÐRAR TEKJUR:	23.000.000	26.534.260	3.534.260	15%	25.100.000	-5%
Auglýsingar og áskriftir	1.550.000	2.004.613	454.613	29%	2.000.000	0%
Framlag frá sjóðum	21.300.000	20.560.594	-739.406	-3%	23.000.000	12%
Annað; námskeið og seldar vörur	150.000	212.601	62.601	42%	100.000	-53%
Niðurfelldar skuldbindingar		3.756.452				
Rekstrartekjur alls:	173.000.000	192.419.814	19.419.814	11%	195.100.000	1%
Rekstargjöld:						
3. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD:	114.950.000	136.806.196	21.856.196	19%	132.783.000	-3%
4. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:	29.300.000	25.214.941	-4.085.059	-14%	34.230.000	36%
Húsnæðiskostnaður	5.770.000	4.982.465	-787.535	-14%	6.500.000	30%
Rekstur áhalda og tækja	12.650.000	10.679.217	-1.970.783	-16%	13.550.000	27%
Aðkeyptur akstur	80.000	45.420	-34.580	-43%	80.000	76%
Skrifstofukostnaður	3.000.000	2.747.388	-252.612	-8%	3.000.000	9%
Stjórnun og umsýsla	7.300.000	6.760.451	-539.549	-7%	9.400.000	39%
Ímyndarvinna	500.000	0	-500.000	-100%	1.700.000	-
5. VÖRUKAUP:	400.000	0	-400.000	-100%	400.000	-
6. TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA:	5.300.000	3.735.292	-1.564.708	-30%	7.760.000	108%
7. RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG NÁMSKEIÐ:	5.075.000	3.104.255	-1.970.745	-39%	4.750.000	53%
Innanlands	1.700.000	1.700.553	553	0%	1.500.000	-12%
Erlendis	3.375.000	1.403.702	-1.971.298	-58%	3.250.000	132%
8. ÁRGJÖLD, FRAMLÖG OG STYRKIR:	2.246.000	2.209.175	-36.825	-2%	2.346.000	6%
9. FAGSVIÐ:	9.250.000	9.404.386	154.386	2%	8.650.000	-8%
10. KJARASVIÐ:	10.550.000	8.709.796	-1.840.204	-17%	8.550.000	-2%
11. AFSKRIFTIR:	3.300.000	2.570.388	-729.612	-22%	2.500.000	-3%
Rekstrargjöld alls:	180.371.000	191.754.429	11.383.429	6%	201.969.000	5%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	-7.371.000	665.385	8.036.385	-109%	-6.869.000	-1132%
12. FJÁRMUNATEKJUR - FJÁRMAGNSGJÖLD	-200.000	4.757.711	4.957.711	2279%	-200.000	-104%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	-7.571.000	5.423.096	12.994.096	-172%	-7.069.000	-230%

Fundarskjal númer: 6.1
 Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
 Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Orlofssjóður

REKSTRARTEKJUR:	Rekstur 2016	Áætlun 2017	Breyting
Iðgjöld	50.941.760	48.500.000	-5%
Aðrar tekjur	45.721.770	52.620.000	15%
Leigutekjur	15.501.300	14.500.000	-6%
Seldir hótelmiðar	3.474.470	4.920.000	42%
Seld útilegu-, veiði- og golfkort, Útivist og Fí	1.066.000	1.550.000	45%
Gjafabréf í flug	22.902.000	28.600.000	25%
Afsláttarmiðar í Hvalfjarðargöng	2.452.000	2.800.000	14%
Aðrar tekjur	326.000	250.000	-23%
Rekstrartekjur alls:	96.663.530	101.120.000	5%
REKSTRARGJÖLD:			
Leigugjöld, hótelmiðar, gjafabréf:	55.902.630	68.694.000	23%
Rekstur orlofshúsa:	16.308.086	12.615.000	-23%
Laun og launatengd gjöld:	6.746.546	4.540.000	-33%
Annar rekstrarkostnaður:	8.262.524	8.917.750	8%
Orlofsbæklingur	1.252.642	1.300.000	4%
Tillag til FÍH	6.235.694	6.667.750	7%
Annað	774.188	950.000	23%
Afskriftir:	2.458.047	2.500.000	
Rekstrargjöld alls:	89.677.833	97.266.750	8%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	6.985.697	3.853.250	-45%
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	1.038.504	-105.000	-110%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	8.024.201	3.748.250	-53%

Fundarskjal númer: 6.2
 Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
 Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Starfsmenntunarsjóður

REKSTRARTEKJUR:	Rekstur 2016	Áætlun 2017	Breyting
Iðgjöld:	48.728.200	48.500.000	0%
Rekstrartekjur alls:	48.728.200	48.500.000	0%
REKSTRARGJÖLD:			
Úthlutanir:	44.938.018	40.000.000	-11%
Laun og launatengd gjöld:	264.495	268.000	1%
Annar rekstrarkostnaður:	5.115.373	5.622.500	10%
Rekstrargjöld alls:	50.317.886	45.890.500	-9%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	-1.589.686	2.609.500	-264%
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	610.095	49.000	-92%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	-979.591	2.658.500	-371%

Fundarskjal númer: 6.3
 Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
 Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Styrktarsjóður

REKSTRARTEKJUR:	Rekstur 2016	Áætlun 2017	Breyting
Iðgjöld:	114.908.167	114.000.000	-1%
Rekstrartekjur alls:	114.908.167	114.000.000	-1%
REKSTRARGJÖLD:			
Úthlutanir:	85.982.276	100.000.000	16%
Laun og launatengd gjöld:	297.566	405.000	36%
Annar rekstrarkostnaður:	5.375.597	5.820.000	8%
Rekstrargjöld alls:	91.655.439	106.225.000	16%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	23.252.728	7.775.000	-67%
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	5.039.083	555.000	-89%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	28.291.811	8.330.000	-71%

Fundarskjal númer: 6.4
 Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
 Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Vinnudeilusjóður

REKSTRARTEKJUR:	Rekstur 2016	Áætlun 2017	Breyting
Iðgjöld:	19.778.579	21.000.000	6%
Rekstrartekjur alls:	19.778.579	21.000.000	6%
REKSTRARGJÖLD:			
Úthlutanir:	72.000	0	-100%
Laun og launatengd gjöld:	41.754	120.000	187%
Annar rekstrarkostnaður:	0	0	#DIV/0!
Rekstrargjöld alls:	113.754	120.000	5%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	19.664.825	20.880.000	6%
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	5.054.001	2.999.000	-41%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	24.718.826	23.879.000	-3%

Fundarskjal númer: 6.5
 Dagskrárliður: Ársreikningur 2016 - Kynning fjárhagsáætlunar næsta árs
 Áætluð fyrirtaka: 20:20

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
 Ársreikningur 2016, Fjárhagsáætlun 2017

Vísindasjóður

REKSTRARTEKJUR:	Rekstur 2016	Áætlun 2017	Breyting
Iðgjöld:	202.086.107	205.000.000	1%
Rekstrartekjur alls:	202.086.107	205.000.000	1%
REKSTRARGJÖLD:			
Úthlutanir:	205.012.129	206.604.388	1%
Laun og launatengd gjöld:	386.610	467.400	21%
Annar rekstrarkostnaður:	4.208.174	5.335.000	27%
Rekstrargjöld alls:	209.606.913	212.406.788	1%
Rekstrarhagnaður(tap) fyrir fjármagnsliði	-7.520.806	-7.406.788	-2%
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld	5.427.397	4.998.000	-8%
Hagnaður(tap) af reglulegri starfsemi	-2.093.409	-2.408.788	15%

Fundarskjal númer: 7.0
Dagskrárliður: Starfsreglur sjóða og nefnda
Áætluð fyrirtaka: 20:50

Á málaskrá eru eftirfarandi mál:

7.1 Breytingar á starfsreglum Orlofssjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Fundarskjal númer: 7.1
Dagskrárliður: Starfsreglur sjóða og nefnda
Áætluð fyrirtaka: 20:50

Breytingatillögur á starfsreglum Orlofssjóðs Fíh

Í gildi er:

3. gr. Réttur til aðildar að sjóðnum

Rétt til aðildar að sjóðnum eiga allir þeir hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá vinnuveitendum sem gert hafa kjarasamning við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) um greiðslur í Orlofssjóð Fíh fyrir viðkomandi hjúkrunarfræðinga, hér eftir nefndir sjóðsfélagar. Þeir sjóðsfélagar sem njóta fullra réttinda í Orlofssjóði Fíh við töku lífeyris viðhalda sjóðsaðild á meðan þeir eiga punkta. Um frekari punktaávinnslu er ekki að ræða. Atvinnuleitendur og öryrkjar geta haldið aðild að Orlofssjóði Fíh ef þeir eiga punkta. Um frekari punktaávinnslu er ekki að ræða. Sjóðsfélagar í fæðingarorlofi njóta óskertra réttinda ef þeir greiða félagsgjöld af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Sjóðsfélagar í fæðingarorlofi ávinna sér þó ekki punkta.

Tillaga um breytingu er:

3. gr. Réttur til aðildar að sjóðnum

Rétt til aðildar að sjóðnum eiga allir þeir hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá vinnuveitendum sem gert hafa kjarasamning við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) um greiðslur í Orlofssjóð Fíh fyrir viðkomandi hjúkrunarfræðinga, hér eftir nefndir sjóðsfélagar. Þeir sjóðsfélagar sem njóta fullra réttinda í Orlofssjóði Fíh við töku lífeyris viðhalda sjóðsaðild á meðan þeir eiga punkta. Um frekari punktaávinnslu er ekki að ræða. *Sama gildir um fagaðila, atvinnuleitendur og öryrkja. Þeir viðhalda sjóðsaðild á meðan þeir eiga punkta í sjóðnum en um frekari punktaávinnslu er ekki að ræða.* Sjóðsfélagar í fæðingarorlofi njóta óskertra réttinda ef þeir greiða félagsgjöld af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Sjóðsfélagar í fæðingarorlofi ávinna sér þó ekki punkta.

Skýring:

Verið er að leyfa fagaðilum að hafa sjóðsaðild meðan þeir eiga punkta en þetta er gert til að samræma áður gerða breytingu fyrir lífeyrisþega.

Í gildi er:

8. gr. Skyldur sjóðsfélaga

Sjóðsfélögum ber skylda til að ganga vel um eignir Orlofssjóðs Fíh. Leigutaki ber ábyrgð á því húsi sem hann hefur á leigu og öllu sem því fylgir. Hann má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni. Ef þrifum á orlofshúsnæði sjóðsins er ábótavant, að mati umsjónarmanns, ber leigutaka að greiða sérstakt þrifagjald kr. 12.000 miðað við vísitölu neysluverðs í apríl 2012

Tillaga um breytingu er:

8. gr. Skyldur sjóðsfélaga

Sjóðsfélögum ber skylda til að ganga vel um þær eignir sem Orlofssjóður Fíh á eða hefur á leigu. Sjóðsfélagi ber ábyrgð á því húsnæði sem hann hefur á leigu og öllu sem því fylgir. Hann skuldbindur sig til að bæta það tjón sem verða kann af hans völdum, hvort heldur er af ásetningi eða gáleysi.

Framsal á leigurétti:

Bannað er að framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum óviðkomandi að leigja í sínu nafni eignir Orlofssjóðs eða þær sem sjóðurinn hefur á leigu. Ef sjóðsfélagi verður uppvís að framsali á leigurétti eða hefur leyft öðrum óviðkomandi að leigja í sínu nafni er hann áminntur og skal leyfa sjóðsfélaga að tala sínu máli. Við endurtekið brot á ofangreindu banni missir sjóðsfélagi rétt til úthlutunar í þrjú ár.

Umgengni:

Fylgja skal umgengnisreglum og reglum er varða þrif sem birtar eru á orlofsvef og eru til staðar í orlofshúsnæði. Áminnt er vegna brota á umgengnisreglum og fær sjóðsfélagi að tala sínu máli. Ef þrifum á orlofshúsnæði sjóðsins er ábótavant ber leigutaka að greiða sérstakt þrifagjald kr. 15.000 miðað við vísitölu neysluverðs í apríl 2017. Sé reikningur ekki greiddur í síðasta lagi á eindaga fer hann í innheimtu með tilheyrandi kostnaði. Við endurtekið brot á umgengnisreglum missir sjóðsfélagi rétt til leigu orlofshúsnæðis í tvö ár.

Ábendingar:

Ef orlofsaðstöðu er ábótavant eru sjóðsfélagar beðnir um að láta umsjónamann vita sem allra fyrst eða skrifstofu Fíh.

Skýring:

Verið er að ítreka bann við því að sjóðsfélagar framselji öðrum leigurétt eða leyfi ókunnugum að leigja í sínu nafni húsnæði Orlofssjóðs og skýra refsíákvæði ef því banni er ekki framfylgt. Við setningu refsíákvæða er tekið miða af reglum annarra sjóða m.a. BHM. Jafnframt er verið að hækka þrifagjaldið miðað við núgildandi vísitölu neysluverðs og setja reglur varðandi innheimtu þess.

Í gildi er:

9. gr. Úthlutun

Úthlutunarreglur eru byggðar á punktaeign sjóðsfélaga. Fyrir hvern orlofskost dregst einn eða fleiri punktar frá punktaeign sjóðsfélaga.

Umsóknum um sumarúthlutanir orlofshúsa er forgangsraðað eftir fjölda punkta sem sjóðsfélagar eiga. Sumarorlofstímabilið er frá mánaðarmótum maí/júní til mánaðarmóta ágúst/september.

Allar pantanir og úthlutanir fara fram á rafrænu formi og í gegnum forrit sem raðar umsóknum eftir punktaeign sjóðsfélaga. Hefja skal punktastýrða sumarúthlutun orlofshúsa eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Sjóðsfélagi sem hefur nýtt punkta sína að fullu á ekki rétt á úthlutunum eða niðurgreiðslu orlofskosta hjá sjóðnum.

Félagsmenn, sem eiga ekki punkta, geta þó leigt lausa bústaði og íbúðir félagsins með viku fyrirvara.

Tillaga um breytingu er:

Úthlutunarreglur eru byggðar á punktaeign sjóðsfélaga. Fyrir hvern orlofskost dregst einn eða fleiri punktar frá punktaeign sjóðsfélaga.

Umsóknum um sumarúthlutanir orlofshúsa er forgangsraðað eftir fjölda punkta sem sjóðsfélagar eiga. Sumarorlofstímabilið er frá mánaðarmótum maí/júní til mánaðarmóta ágúst/september.

Allar pantanir og úthlutanir fara fram á rafrænu formi og í gegnum forrit sem raðar umsóknum eftir punktæign sjóðsfélaga. Hefja skal punktastýrða sumarúthlutun orlofshúsa eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Sjóðsfélagi sem hefur nýtt punkta sína að fullu á ekki rétt á úthlutunum eða niðurgreiðslu orlofskosta hjá sjóðnum.

Sjóðsfélögum og félagsmönnum, sem eiga ekki punkta, er heimilt að leigja bústaði og íbúðir félagsins með viku fyrirvara.

Skýring:

Sett er inn til að auka skýrleika á því að sjóðsfélagar sem ekki eiga punkta geta eins og aðrir félagsmenn leigt lausar íbúðir og bústaði með viku fyrir vara.

Í gildi er:

12. gr. Úrsögn

Sjóðfélagi telst segja sig úr Orlofssjóði Fíh ef umsamin orlofssjóðsframlög skv. 3. gr. hætta að berast sjóðnum.

Sjóðsfélagi getur ekki gert kröfu um hlutdeild í eigum sjóðsins við úrsögn.

Innistandandi punkta er heimilt að nota næsta almanaksár eftir úrsögn úr sjóðnum.

Lífeyrisþegar, atvinnuleitendur og öryrkjar teljast segja sig úr sjóðnum þegar punktæign þeirra er uppurin sbr. 3. gr.

Tillaga um breytingu er:

Sjóðfélagi telst segja sig úr Orlofssjóði Fíh ef umsamin orlofssjóðsframlög skv. 3. gr. hætta að berast sjóðnum.

Sjóðsfélagi getur ekki gert kröfu um hlutdeild í eigum sjóðsins við úrsögn.

Sjóðsfélagar, lífeyrisþegar, fagaðilar, atvinnuleitendur og öryrkjar teljast segja sig úr sjóðnum þegar punktæign þeirra er uppurin sbr. 3. gr.

Skýring:

Verið er að breyta 12. greininni til samræmis við 3. gr. Tekin er út setningin „Innistandandi punkta er heimilt að nota næsta almanaksár eftir úrsögn úr sjóðnum“ til samræmis við þær breytingar að nú geta sjóðsfélagar klárað punktæign sína á lengri tíma en þar kemur fram.

F.h Orlofssjóðs

Ólöf Sigurðardóttir form

Fundarskjal númer: 8.0
Dagskrárliður: Formannskjóri og kjöri í stjórnir og nefndir lýst
Áætluð fyrirtaka: 21:00

Margrét Tómasdóttir, formaður kjörnefndar lýsir formannskjóri og kynnir kjör í stjórnir og nefndir.

Formaður 2017-2019

Guðbjörg Pálsdóttir

Stjórn 2017-2019

Arndís Jónsdóttir

Halla Eiríksdóttir

Hildur Björk Sigurðardóttir

Varamenn:

Anna María Þórðardóttir

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Ritnefnd Tímarits hjúkrunarfræðinga 2017-2019

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

Sigríður Halldórsdóttir

Þorgerður Ragnarsdóttir

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir

Siða og sáttanefnd 2017-2019

Harpa Þöll Gísladóttir

Ólöf Gunnhildur Ólafsdóttir

Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal

Varamenn:

Hildur Helgadóttir

Jóhanna Valgeirsdóttir

Orlofssjóður 2017-2019

Anna Lís Baldursdóttir
Guðrún Lovísa Ólafsdóttir
Helga Harðardóttir
Kristín Hjördís Leósdóttir
Ólöf S. Sigurðardóttir

Styrktarsjóður 2017-2019

Aðalheiður D. Matthíasdóttir
Sigrún Barkardóttir
Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn:

Bjarnheiður Margrét Ingimundardóttir
Ellen Björnsdóttir

Skoðunarmenn reikninga 2017-2019

Herdís Herbertsdóttir
Þórgunnur Hjaltadóttir

Kjörnefnd 2017-2019

Margrét Tómasdóttir
Ólöf Árnadóttir
Unnur Þormóðsdóttir

Varamaður:

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir

Fundarskjal númer: 9.0
Dagskrárliður: Önnur mál
Áætluð fyrirtaka: 21:20

Á málaskrá eru eftirfarandi dagskráliðir:

- 9.1 Stofnun nýrra fagdeilda
- 9.2 Stofnun nýrra landsvæðadeilda
- 9.3 Ályktanir

Fundarskjal númer: 9.1
Dagskrárliður: Stofnun nýrra fagdeilda
Áætluð fyrirtaka: 21:20

- 9.1.1 Starfsreglur Deildar sérfræðinga í hjúkrun
- 9.1.2 Starfsreglur Fagdeildar vísindarannsakenda í hjúkrun
- 9.1.3 Starfsreglur Fagdeildar bæklunarhjúkrunarfræðinga

9.1.1 Starfsreglur Deildar sérfræðinga í hjúkrun

1. gr. Nafn deildar

Nafn deildarinnar er Deild sérfræðinga í hjúkrun. Deildin starfar innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Heimili og varnarþing er í Reykjavík en umdæmið er landið allt. Lög Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga eru lög deildarinnar.

2. gr. Hlutverk og markmið

Hlutverk:

Deild sérfræðinga í hjúkrun vinnur að framgangi sérfræðipækkingar í hjúkrun. Deildin er stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og nefndum til ráðgjafar um þau málefni sem krefjast þekkingar og reynslu sérfræðinga í hjúkrun.

Markmið deildarinnar eru:

- Að taka þátt í stefnumótun varðandi þróun og framkvæmd á lögum og reglum er varða veitingu og viðhaldi sérfræðileyfa í hjúkrun.
- Að hafa áhrif á lagasetningar varðandi útvíkkað starfsvið sérfræðinga í hjúkrun.
- Að vera virkur samstarfsaðili heilbrigðisstofnana í þróun og fjölgun á sérfræðistöðum í hjúkrun á viðkomandi stofnun.
- Að vera virkur þátttakandi í umræðum í samfélaginu um þverfaglegt samstarf í heilbrigðisþjónustu ásamt eflingu á hlutverki og ábyrgð hjúkrunarfræðinga í því samhengi.
- Að vera ráðgefandi fyrir hjúkrunarfræðinga sem leita leiðsagnar sérfræðinga í hjúkrun á sínu sérfræðisviði samkvæmt reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í hjúkrun.
- Að vera í virku samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri um þróun sérfræðináms í hjúkrunarfræði.
- Að auðvelda aðgengi að sérfræðiráðgjöf í hjúkrun.
- Að efla fagmennsku og þróun í hjúkrun.
- Að efla gæði hjúkrunar og stuðla þannig að að bættum hag skjólstæðinga hjúkrunar.
- Að veita umræðugrundvöll og stuðning við starfandi sérfræðinga í hjúkrun.

3. gr. Aðild

Rétt til aðildar hafa allir félagsmenn innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (full aðild, fagaðild, lífeyrisaðild) sem hafa gilt sérfræðileyfi í hjúkrun á Íslandi. Almennt er miðað við að félagsmenn hafi háskólamenntun í hjúkrunarfræði, krafa sem fyrst kom fram í reglugerð no. 426/1993 um veitingu sérfræðingsleyfa í hjúkrun. Sá sem óskar eftir aðild þarf að sækja um inngöngu til stjórnar deildarinnar sem ákveður um deildaraðild. Skila þarf afriti af sérfræðileyfi með umsókn um aðild.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum deildarinnar. Aðalfundur skal halda árlega að hausti. Stjórn ákveður tíma og fundarstað. Boða skal til aðalfundar rafrænt með minnst tveggja

vikna fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað. Fundarboði skal fylgja dagskrá og tillögur sem leggja á fyrir fundinn.

Dagskrá aðalfundar:

Skýrsla stjórnar

Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram

Árgjald ákveðið

Starfsreglur deildar

Reglubreytingar

Kosning stjórnar samkvæmt 5. gr.

Kosning skoðunarmanna reikninga

Önnur mál

Einfaldur meirihluti ræður við afgreiðslu mála. Löglega boðaður aðalfundur hefur óskorðaðan rétt til afgreiðslu mála án tillits til þess hve margir fundarmenn eru mættir. Stjórn leggur fram ársskýrslu um starfsemi deildarinnar sem samþykkt hefur verið á aðalfundi, til stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Á aðalfundi er einnig fjallað um tillögur félagsmanna.

5. gr. Stjórn

Stjórn skal skipuð fimm félögum; formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og einum meðstjórnanda. Formaður skal kosinn sérstaklega á til tveggja ára. Árlega skulu kosnir tveir stjórnarmenn. Kjörtímabil er tvö ár og endurkjör er heimilt. Þó skal enginn sitja lengur en sex ár samfelld í hverri stöðu.

Kosning skal vera skrifleg og leynileg ef fleiri en einn félagi býður sig fram til sama embættis. Meirihluti ræður kjöri. Kjori skal vera þannig háttað að aldrei gangi fleiri en 3 kjörnir stjórnendur úr stjórn hverju sinni. Laus embætti innan stjórnar skal auglýsa með aðalfundarboði. Allir deildarmeðlimir geta boðið sig fram í stjórn og skal framboð tilkynnt stjórn deildarinnar á netfang hennar í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

6. gr. Reikningar

Reikningstímabil deildar miðast við aðalfund ár hvert. Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr röðum félagsmanna. Skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga deildarinnar fyrir aðalfund og gera athugasemdir ef ástæða er til.

7. Grein Slit deildarinnar

Deildina er hægt að leggja niður á aðalfundi deildarinnar. Einnig getur aðalfundur Fíh ákveðið að leggja niður deildina hafi hún ekki skilað ársskýrslu til stjórnar Fíh í samfelld tvö ár. Verði deildin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað eftir því sem aðalfundur deildarinnar ákveður í samræmi við markmið hennar.

8. Grein Gildi starfsreglnanna

Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar á sérstaklega boðuðum fundi deildarinnar og af stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

9.1.2 Starfsreglur Fagdeildar vísindarannsækenda í hjúkrun

1. gr. Nafn deildar

Nafn fagdeildarinnar er Fagdeild vísindarannsækenda í hjúkrun innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Heimili og varnarþing fagdeildarinnar er í Reykjavík, en umdæmið er um land allt.

2. gr. Stefnumótun og hlutverk

Fagdeild vísindarannsækenda í hjúkrun innan Fíh vinnur að framgangi og styrkingu rannsókna í hjúkrunarfræði í samvinnu við fagsvið Fíh, og er stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og nefndum til ráðgjafar um málefni sem snúa að vísindarannsóknum (sbr. lög Fíh, 12.gr. Fagdeildir).

Efling vísindarannsókna og hagnýting þeirra er eitt af meginmarkmiðunum í stefnu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (þekking í þína págu: Stefna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í hjúkrunar-og heilbrigðismálum 2011-2020). Hjúkrunarfræðingar nota rannsóknarniðurstöður í auknum mæli í störfum sínum, þ.e. gagnreynda þekkingu, til að stuðla að gæðum í heilbrigðisþjónustunni fyrir skjólstæðinga hjúkrunar, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild. Hjúkrunarfræðingar hagnýta einnig gagnreynda þekkingu í stefnumótun innan heilbrigðiskerfisins sem og til að upplýsa stjórnvöld um mikilvægar áherslur til að efla og viðhalda heilbrigði landsmanna og til að stuðla að hæfni og færni heilbrigðisstarfsmanna þannig að hægt sé að bjóða á hverjum tíma upp á bestu mögulega heilbrigðisþjónustu sem völ er á.

